# Fundargerð.

Aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps var haldinn að Hótel Esju í Reykjavík laugardaginn 7.5.1983 kl. 14.

Formaður félagsins, Arnór Stígsson, setti fundinn og kvaddi Magnús Reyni Guðmundsson til að vera fundarstjóra. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan þar eð löglega var til hans boðað og fundarsókn langt umfram tilskilið lágmark. Ritari fundarins var tilnefndur Kristinn Gestsson.

## Þetta var gert á fundinum:

1. Lagabreytingar.

Þorvarður Jónsson mælti fyrir lagabreytingartillögum sem stjórn félagsins lagði fyrir fundinn. ~~Breytingartillögurnar~~ Gerði hann grein fyrir þeim rökum sem, að dómi félagsstjórnar, liggja til þessara breytinga. Má þar til nefna að samkvæmt breytingartillögu við ~~aðra~~ 2. grein opnast leið til að fjölga félagsmönnum til muna frá því sem eldri lög gera ráð fyrir. Aðrar breytingar eru smávægilegri. Breytingartillögurnar eru þessar:

2. gr. orðist svo: Félagsmenn geta þeir orðið, sem eiga réttindi yfir fasteignum í Sléttu- og Grunnavíkurhreppi, þ.e. jörðum, einstökum lóðum og húsum.

Við þessa tillögu kom fram breytingartillaga þess efnis að á eftir orðinu „fasteignum" komi: „á „á friðlýsta svæðinu". Þessi breytingartillaga var

samþykkt með 16:1 atkv. og 2. gr., þannig breytt,
samþykkt samhljóða.

<u>9. gr. orðist svo:</u> Atkvæðanir um hagsmunamál landeigenda fara eftir eignarhlutföllum lands og fylgir þá eitt atkvæði hverju hálfu hundraði að fornu mati. Landeigandi getur með skriflegu umboði falið öðrum félagsmanni að fara með atkvæðisrétt sinn í slíku máli. Í öllum öðrum málum hefur hver félagsmaður eitt atkvæði og ræður einfaldur meirihluti þá úrslitum.

Við þessa tillögu kom fram breytingartillaga svo hljóðandi: Milli orðanna „eftir“ og „eignarhlut-föllum“ í 1. málsgr. komi orðið „þinglýstum“.
Þessi breytingartillaga var samþykkt samhljóða og 9. gr. svo breytt einnig samþykkt samhljóða.

<u>10. gr. orðist svo:</u> Eigi er hægt að skuldbinda félagsmann til þess að leggja fram fé eða annað í félagsþarfir umfram árgjald hans.
Lögum þessum verður því aðeins breytt að 2/3 fundarmanna greiði breytingunni jákvæði.
Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.
Að lokinni atkvæðagreiðslu um framan greindar lagabreytingar voru lög félagsins í heild borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.
Þess skal getið að atkvæði um lagabreytingarnar greiddu einungis þeir sem skráðir voru félagsmenn samkvæmt eldri lögum.

2. <u>Skýrsla stjórnar.</u>
<u>Arnór [illegible]</u> flutti skýrsluna. Hann las fundar-

gerð stofnfundar félagsins, sem haldinn var 10. 3. 1973, fundarmönnum til upprifjunar og glöggvunar. Enn fremur fór hann nokkrum orðum um störf stjórnarinnar og samstarf hennar við Náttúruverndarráð. Það kom fram í skýrslu formanns að hann tók við formannsstörfum sem varaformaður þegar Guðni Jónsson sagði af sér formannsstarfi.

<u>Þorvarður Jónsson</u>, gjaldkeri félagsins, lýsti nokkru nánar starfi stjórnarinnar og rakti samskipti hennar við Náttúruverndarráð. Það kom fram í máli Þorvarðs að Átthagafélag Sléttuhrepps hefði kosið nefnd til að eiga samstarf við stjórn landeigendafélagsins og taldi hann það samstarf hafa farið vel úr [illegible]. Þá vék hann að fyrirhugaðri breytingu á ~~a~~uglýsingu um friðland á Hornströndum, sem til stóð að birta í Lögbirtingablaðinu. Ýmislegt í þeirri ~~a~~ breytingu kom að orka tvímælis frá sjónarmiði landeigenda, enda hefur birtingu ~~þeirrar~~ auglýsingarinnar verið frestað.

3. <u>Reikningar félagsins.</u>

<u>Þorvarður Jónsson</u> gerði grein fyrir reikningunum, sem raunverulega ná yfir níu ár, þar eð aðalfundur hefur ekki verið haldinn síðan félagið var stofnað. Fyrstu árin tvö voru félagsgjöld innheimt með eðlilegum hætti, en síðan var því hætt, þar eð félagsstarf lá að mestu niðri. Í sjóði félagsins ~~eru~~ kr. 439,35.

gerð stofnfundar félagsins, sem haldinn var 10. 3. 1973, fundarmönnum til upprifjunar og glöggvunar. Enn fremur fór hann nokkrum orðum um störf stjórnarinnar og samstarf hennar við Náttúruverndarráð. Það kom fram í skýrslu formanns að hann tók við formannsstörfum sem varaformaður þegar Guðni Jónsson sagði af sér formannsstarfi.

<u>Þorvarður Jónsson</u>, gjaldkeri félagsins, lýsti nokkru nánar starfi stjórnarinnar og rakti samskipti hennar við Náttúruverndarráð. Það kom fram í máli Þorvarðs að Átthagafélag Sléttuhrepps hefði kosið nefnd til að eiga samstarf við stjórn landeigendafélagsins og taldi hann það samstarf hafa farið vel úr [illegible]. Þá vék hann að fyrirhugaðri breytingu á auglýsingu um friðland á Hornströndum, sem til stóð að birta í Lögbirtingablaðinu. Ýmislegt í fyrri ~~ar~~ breytingu kom að orka tvímælis frá sjónarmiði landeigenda, enda hefur birtingu ~~þeirrar~~ auglýsingarinnar verið frestað.

3. <u>Reikningar félagsins.</u>

<u>Þorvarður Jónsson</u> gerði grein fyrir reikningunum, sem raunverulega ná yfir níu ár, þar eð aðalfundur hefur ekki verið haldinn síðan félagið var stofnað. Fyrstu árin tvö voru félagsgjöld innheimt með eðlilegum hætti, en síðan var því hætt, þar eð félagsstarf lá að mestu niðri. Í sjóði félagsins eru kr. 439,35.

Breytingarnar voru samþykktar samhljóða.

4. <u>Stjórnarkjör.</u>
<u>Formaður</u> var kosinn Þorvarður Jónsson.
<u>Aðrir stjórnarmenn</u>: Magnús Guðmundsson, Hákon Hilaríusson, Arnór Helgason og Magnús Reynir Guðmundsson.
<u>Í varastjórn</u> voru kosnir: Ásgeir Jónsson, Guðmundur Halldórsson og Þórður Júlíusson.

5. <u>Endurskoðendur</u> voru kosnir Kristinn Gíslason og Kristján Jónasson.

6. <u>Ákvörðun árgjalds.</u> Árgjald félagsmanna var ákveðið kr. 300.00 og samþykkt samhljóða.

7. <u>Önnur mál.</u>
Fundarstjóri gaf <u>Láru Oddsdóttur</u>, fulltrúa Náttúruverndarráðs, orðið. Henni og Eyþóri Einarssyni hafði verið sérstaklega boðið á fundinn. Lára rakti nokkuð aðgerðir á vegum Náttúruverndarráðs um málefni friðlandsins á Hornströndum undanfarin ár, svo sem öryggismál, flutning ferðamanna, hreinsun lands (verksmiðjurústir o.fl.), stækkun friðlandsins og margt fleira. Hún drap nokkuð á þann vanda, sem við er að glíma, þegar taka þarf afstöðu til umsókna um leyfi til að reisa sumarhús í friðlandinu.
Næstur tók til máls <u>Eyþór Einarsson</u>, formaður

Náttúruverndarráðs. Hann ræddi nokkuð samskipti ráðsins og landeigendafélagsins, sem hafa ekki gengið sem skyldi vegna óstarfhæfrar stjórnar um sinn. Hann vék einnig að byggingamálum sumarhúsa í friðlandinu og taldi nauðsynlegt að móta fastar reglur um það efni. Ennfremur minntist ráðsmaður á selveiðar á svæðinu og lýsti þeirri skoðun sinni að slíkar veiðar ætti að banna. Taldi hann æskilegt að fundurinn lýsti afstöðu sinni til málsins. Eyþór þakkaði félaginu boð á fundinn og vænti góðs af samstarfi við nýkjörna stjórn.

<u>Magnús Reynir Guðmundsson</u> ræddi nokkuð um nauðsyn samstarfs milli Náttúruverndarráðs og landeigendafélagsins. Hann lýsti þeirri skoðun sinni að ekki væri unnt að banna selveiðar í friðlandinu vegna sýkingarhættu í fiskstofninum.

<u>Ingimar Guðmundsson</u> beindi fyrirspurnum til fulltrúa Náttúruverndarráðs um reglur vegna sumarhúsa, svo og um eftirlit með umgengni ferðamanna á friðlýsta svæðinu og hreinlætisaðstöðu fyrir ferðafólk.

<u>Lára Oddsdóttir</u> tók til máls og ræddi um nokkur atriði í fyrirhugaðri breytingu á auglýsingu um friðlandið á Hornströndum. Taldi hún margt þeirra horfa mjög til bóta og sum beinlínis aðkallandi.

<u>Hans Hilaríusson</u> ræddi um þá hugmynd,

sem fram kemur í tillögum til breytinga á auglýsingu um friðland á Hornströndum, að miða leyfi til byggingar sumarhúsa við fasteignamat. Hans lagði fram eftirfarandi tillögu:

Ég undirritaður legg til að aðalfundur Landeigendafélags Sléttu- og Grunnavíkurhrepps mótmæli harðlega þeirri fyrirætlan Náttúruverndarráðs að takmarka leyfisveitingu á byggingu sumarbústaða við krónutölumat frá ~~frá~~ árinu 1957, heldur taki þess í stað til viðmiðunar hundraðatal að fornu mati, sem eigendur jarða eru skráðir fyrir í veðmálabókum Norður-Ísafjarðarsýslu.

Reykjavík, 7. maí 1983
Hans Hilaríusson.

Tillaga þessi var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

<u>Eyþór Einarsson</u> mælti nokkur orð. Í máli hans kom m.a. fram að hann dregur mjög í efa gagnsemi og nauðsyn seladráps.

<u>Lára Oddsdóttir</u> skýrði frá því að nokkrir kamrar hefðu verið reistir á friðlýsta svæðinu, en Náttúruverndarráð hefði fullan hug á að gera betur í því efni eftir því sem fé hrökkvi til.

<u>Þorvarður Jónsson</u> tók til máls og þakkaði fundarmönnum það traust, sem honum var sýnt með því að kjósa hann formann

félagsins. Hann lýsti þeirri allan sinni að þeir þrír stjórnarmenn, sem búsettir eru í Reykjavík, myndi fá nefnd sem annist samstarf félagsins við Náttúruverndarráð. Hann ítrekaði nauðsyn þess að samstarf þessara aðila verði sem best og farsælast.

Fleira var ekki gert, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið laust fyrir kl. 18.

Kristinn Gíslason
(fundarritari)